Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ólafur Björgvin Ólafsson, afmæliskvæði til Bjarna Benediktssonar á sextugsafmæli hans

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Forsætiráðherra – Afmæliskvæði

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-35, Örk 6

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Reykjavík, 19. júní 1968.

Bjarni minn,

mér finnst bezt að koma hér til dyranna eins og ég er klæddur, og þó að ýmislegt fari stundum nokkuð á annan veg en maður hefði helzt kosið, skal ekkert lengur koma í veg fyrir það að þér komi fyrir augu fáein orð, sem ég raðaði saman í tilefni af 60 ára afmælisdegi þínum 30. apríl s.l. – Bak við allt og alla sendi ég þér orðin og bið þig að gera svo vel að taka hér vilja minn fyrir verkið, en sárt þótti mér að ýmis atvik urðu þess valdandi, að ég átti þess ekki kost að líta inn til þín á merkisdaginn og rétta þér höndina.

Með beztu óskum
þér og öllum þínum
til handa, nú og í framtíðinni,
þinn einlægur vinur
Ólafur Björgvin Ólafsson
prentari.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Forsætisráðherra dr. Bjarni Benediktsson
sextíu ára 30. apríl 1968.

*

Lag: Fanna skautar...

Hlýrri geislar Hörpusunna
heiðan apríllokadag,
eyjan sagna alheimskunna
öllum skín með glæsibrag,
frjáls hvar þjóð í frjálsu landi
frama stefnir sigurbraut;
frjáls hvar leiðir frelsisandi
foringans við Norðurskaut.

Óðreris- í -öldu renni
orkan vits á frónska lund,
Íslandssæmdar mikilmenni
merk upp rennur sextugsstund;
fjallkonunnar Heklu hjarta
heitt þeim dáðasyni ann; –
fyrir hennar framtíð bjarta
fram til sóknar gengur hann.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Höfpur skálda heillaómi
heiðrið þennan afreksmann!
Ísland, syng þú einum rómi
orðin beztu flutt um hann; -
vitjunar- þins virð þú - tíma
vit, að hér er ráðgjafinn;
vertu ei blekking við að glíma
veittu honum liðstyrk þinn!

Lögum með skal land vort byggja
lýði þess til farsældar; -
eitt mun velferð Íslands tryggja:
að vér Bjarna treystum þar. -
Aukum skilning eins og Snorri,
eflum sanna þroskalind. -
Höldum allir vöku vorri,
verum þjóða fyrirmynd!

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Válynd þegar veður geisa,
vandi þjóð að höndum ber,
þurfi böli rönd við reisa
ráðsnilld Bjarna þjóðkunn er;
Alþingis- vér innan -sala
eigum bezta manninn þar,
staðreyndirnar til vor tala
tungu lagaspekinnar.

*

Þjóðarholli þjóðhöfðingi,
þinn er glæsi-ferillinn
örvun hverjum Íslendingi
um að næra heiður sinn.
Hugumstór í hjarta glaður
heið á ný hvar vor öld skín
heill þér! Íslands mikli maður!
megi vara gifta þín!

Vinur.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur